

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um skerðingu örorkulífeyris.

Frá Páli Val Björnssyni.

1. Hvaða áhrif telur ráðherra að breytt framkvæmd Greiðslustofu lífeyrissjóða frá því í janúar 2015, þ.e. að barnalífeyrir almannatrygginga hafi áhrif til skerðingar á örorkulífeyri, hafi á lífeyrissjóðsgreiðslur til þeirra sem fá greiddan barnalífeyri á árunum 2015 og 2016? Hver eru áhrifin annars vegar á heildarörorkulífeyrisgreiðslur þeirra lífeyrissjóða sem Greiðslustofa lífeyrissjóða þjónustar og hins vegar á heildargreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins til örorkulífeyrisþega?
2. Hvaða áhrif hefur fyrrnefnd breytt framkvæmd á lífeyrissjóðstekjur örorkulífeyrisþega og hversu margir örorkulífeyrisþegar með börn á framfæri hafa þurft að þola skerðingu á lífeyrissjóðstekjum vegna hennar?
3. Mun ráðherra beita sér fyrir því að hin breytta framkvæmd verði tafarlaust afturkölluð og leiðrétt afturvirkð þannig að örorkulífeyrisþegar sem breytingin hefur haft áhrif á fái bættar þær skerðingar sem þeir hafa þurft að þola?

Skriflegt svar óskast.